

- c. Fyrir Norðurlandi á svæði milli 18°00'V og 16°00'V sunnan 66°40'N eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 1. apríl til 31. desember ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 og lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar.

2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar á utanverðum Húnaflóa heimilar bátum sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri og bátum með aflvísi 850 og lægri frá og með 15. júlí til og með 31. október ár hvert, utan línu sem dregin er milli eftirgreindra staða: Selskers, Gjögurs, Kálfshamars, Rifsness og Ásbúðarrifs.

3. gr.

Skylt er við rækjuveiðar á svæði sem skilgreint er í 1.-2. gr. að nota seiðaskilju við veiðarnar.

Seiðaskilja skal þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. maí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 540, 9. september 1998, um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinum, 3. maí 1999.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógarbæ — sjálfseignarstofnun í þágu aldraðra og sjúkra í Reykjavík.

1. gr.

Neðanskráðir aðilar stofna hér með sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Skógarbær:

Reykjavíkurborg
 Reykjavíkurseild Rauða kross Íslands
 Verkamannafélagið Dagsbrún
 Starfsmannafélagið Sókn
 Kvinnadeild Reykjavíkurseildar RKÍ
 Verkakvinnafélagið Framsókn.

Stofnfé er kr. 471.000 og er óafturkræft framlag sem skal ávaxtast á tryggilegan máta, - viðbótarframlög skulu einnig vera óafturkræf. Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé og öðrum verðmætum sem berast og safnast til bygginga hjúkrunarheimilis og/eða annarra bygginga í þjónustu við aldraða og sjúka. Að undanskildu stofnfé bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar.

Stofnaðilar eru ábyrgir fyrir greiðslu stofnfjár með eftirtöldum framlögum:

Reykjavíkurborg	kr. 160.000.000
Reykjavíkurseild RÍ	kr. 96.000.000
Starfsmannaf. Sókn	kr. 12.000.000
Verkamannaf. Dagsbrún	kr. 10.000.000
Kvennadeild RÍ	kr. 5.000.000
Verkakvennaf. Framsókn	kr. 3.000.000

Skuldir stofnunarinnar eru engar. Heimili og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið.

Markmið og hlutverk sjálfseignarstofnunarinnar er:

Að reisa og reka hjúkrunarheimili og aðra skylda starfsemi er veitir sjúkum og öldruðum þjónustu, umönnun og hjúkrun svo sem unnt er á hverjum tíma.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að:

- Afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana.
- Leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda, sbr. lög um málefni aldraðra og önnur lög er málið varðar.

3. gr.

Stjórn.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar, 4 ár, en miðast við 1. september, þannig að ný stjórn taki við 1. september sama ár og sveitarstjórnarkosningar fara fram. Reykjavíkurseild Rauða kross Íslands tilnefni 2 menn í stjórn og skal annar þeirra gegna störfum formanns stjórnarinnar og borgarstjórn Reykjavíkur tilnefni 2 stjórnarmenn. Aðrir stofnaðilar tilnefna fimmta stjórnarmanninn á aðalfundi fulltrúaráðs og hafa fulltrúar Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurseildar Rauða kross Íslands ekki atkvæðisrétt við þá kosningu. Varamenn skulu tilnefndir og kosnir í stjórnina með sama hætti og aðalmenn.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál hennar, annast framkvæmdir og ræður starfslíð. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur. Árlega skal gera reikninga sjálfseignarstofnunarinnar skv. góðum reikningsskilavenjum.

Stjórnin ákveður hvernig vistun skuli háttað og setur reglur þar um. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

4. gr.

Fulltrúaráð - Aðalfundir.

Hver stofnaðili annar en Reykjavíkurborg og RÍ tilnefni 1 fulltrúa og annan til vara til setu í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunarinnar. Þó skulu þeir sem leggja fram 10 milljónir kr. eða meira tilnefna 2 fulltrúa og þeir sem leggja fram 20 milljónir kr. eða meira tilnefna 3 fulltrúa. Varafulltrúar skulu tilnefndir jafnmargir og aðalfulltrúar. Fulltrúar skulu valdir til 4 ára í senn. Reykjavíkurborg og RÍ tilnefna 4 fulltrúa hvor og jafnmarga til

vara. Fundir fulltrúaráðsins skulu haldnir eigi sjaldnar en einu sinni á ári og sérstaklega skal getið í fundarboði hvort um aðalfund sé að ræða, þar sem fram eru lagðir ársreikningar og ársskýrslur. Aukafundir í fulltrúaráðinu skulu boðaðir þegar stjórn stofnunarinnar ákveður. Fundi fulltrúaráðsins skal boða með viku fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Hlutverk fulltrúaráðsins er:

- a) Að fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og stofnenda.
- b) Að kjósa 2 endurskoðendur.
- c) Að kjósa stjórnarmann og varamann annarra fulltrúa en Reykjavíkurborgar og RRKÍ.
- d) Að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

Komi til atkvæðagreiðslu á fundum fulltrúaráðsins geta fulltrúar stofnaðila krafist þess að atkvæði fari eftir stofnframlagi hvers stofnaðila og fara þeir þá með eitt atkvæði fyrir hverja greidda milljón kr. í stofnframlag. Formaður stjórnar Skógarbæjar – sjálfseignarstofnunar, er jafnframt formaður fulltrúaráðsins og stjórnarmenn sem tilnefndir eru skv. 3 grein skipa með honum stjórn fulltrúaráðsins. Stjórn fulltrúaráðsins á sæti í fulltrúaráðinu sem fulltrúar þeirra stofnfélaga er hafa tilnefnt þá til stjórnarstarfa og sem hluti af fulltrúum þeirra.

5. gr.

Ákveði fulltrúaráð með að minnsta kosti 75% greiddra atkvæða, að það telji sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar áfram skal hverjum einstökum stofnaðila gefinn kostur á að taka við rekstri enda verði hlutverk óbreytt. Að þeim frágengnum fellur stofnunin með öllum eignum til ríkisins með þeirri kvöð, að hún verði áfram nýtt í þágu aldraðra og sjúkra.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur lagt til við fulltrúaráðið að fjölga stofnaðilum og þarf til þess 75% greiddra atkvæða fulltrúaráðsins og fjölgar þá fulltrúum í ráðinu í samræmi við það. Hætti einhver stofnaðili þátttöku í sjálfseignarstofnuninni fækkar fulltrúum í fulltrúaráði í samræmi við það en stofnframlag er óafturkræft.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 75% fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. apríl 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.